

# Rattleikur í Kópavogsdal

## Laugardaginn 14. September

Þann 14. september er Smárinn og Fífan upptekin allan daginn vegna tölvuleikjasýningar. Við í íþróttaskólanum ætlum því að hittast kl. 10 við Leiksskólalund í Kópavogsdal sem er fyrir neðan Digraneskirkju.

Þar förum við í góðan göngutúr/rattleik, þar sem finna þarf m.a. þekktar teiknimyndapersónur frá Hvolpasveit, Dóru landkönnuði og Gurru Grís.

Boðið verður upp á hressingu m.a. ávexti, kex og safa fyrir krakkana. Athugið að ekki verður merkt við klippikortið í þetta skiptið.

Útitímar íþróttaskólans undanfarin ár hafa heppnast mjög vel, sama hvernig hefur viðrað - munum bara eftir að klæða okkur rétt!

Bestu kveðjur og hlökkum til að sjá ykkur - kennarar íþróttaskólans.

